

Kópavogi, 4. júní 2021
2106215/510.00 BR

MINNISBLAÐ


Efni: Girðing við botnlanga Fagrahjalla 2-12

Á 104. fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 6. nóvember 2018 var tekið fyrir erindi fyrir hönd íbúa við Fagra- og Fífuhjalla um að opna fyrir akstur frá bílastæði við Fífuhjalla 2 og 6 út á Fífuhjalla.

Beiðninni var hafnað af nefndinni með eftirfarandi bókun:

„Umhverfis- og samgöngunefnd hafnar framlögðu erindi um að bæta við aðkomu til og frá lóð Fagrajalla 2-20 inn á Fífuhjalla. Núverandi aðkoma til og frá lóð Fagrahjalla 2-20 liggur um Fagrahjalla samkvæmt umferðaröryggisáætlun Kópavogsbæjar 2012 líkt og lóðir Fagrahjalla 22-40 og Fagrahjalla 42-60 sökum umferðaröryggis. Ósk um tengingu inn á Fífuhjalla frá lóð Fagrahjalla 2-20 er nærri gatnamótum við Hlíðarhjalla og umferð inn á Fífuhjalla er talin draga úr umferðaröryggi.“

Samkvæmt skipulagi, mæliblaði og samþykktum teikningum er ekki gert ráð fyrir gönguleið um botnlangann út á Fífuhjalla. Ennfremur er enginn gangstétt til að taka á móti þeim sem um botnlangann fara og munu því vegfarendur stíga beint út á umferðargötu þar sem gatnamót safngötu með 50 km/klst. hámarkshraða eru í um 20 m fjarlægð.



Úrklippur frá teikningu og mæliblaði

Botnlanganum hefur verið lokað með steypum klossum síðan 2013 eða 2012, fyrir þann tíma hefur einungis verið steypur kantur þar sem brögð voru á því að bílar styttu sér leið yfir frá Fífuhjalla yfir í Fagrahjalla.



Loft- og götummynd frá mótum botnlanga við Fífuhjalla. Götummynd af ja.is frá árinu 2017.

Íbúar hafa verið bæði jákvæðir og neikvæðir gagnvart girðingunni við enda botnlangans en eins og venjan er heyrst hærra í óánægjuröddunum. Helsta röksemdarfærslan er að gönguleið barna að strætóstoppistöð við Hliðarhjalla lengist og í staðin fyrir að ganga yfir eina götu þurfi nú að fara yfir tvær. Einnig að gangandi vegfarendur þurfi að ganga fyrir aftan bílastæði og heimkeyrslur.

Gönguleiðin vissulega lengist, að telja um 70 m. Gangi þarf nú framhjá heimkeyrslum þriggja húsa í staðinn fyrir enga áður. Þvera þarf tvær götur í staðinn fyrir eina áður, á móti kemur að minni umferð er um þveranirnar þar sem þverunin á Fagrahjalla ber einungis umferð á Fagrahjalla, þverunin á Fífuhjalla ber einungis umferð um Fífu- og Fúruhjalla og er þar að auki í námunda við hraðahindrun sem hægir á umferðarhraða. Á loftmyndinni að neðan sýnir rauð lína gönguleið um botnlangann og græn lína nýja gönguleið eftir að lokað hefur verið á gönguleið um botnlangann.



Ekki hafa borist ábendingar eða fyrirspurnir til Umhverfissviðs varðandi of háan umferðarhraða í þessum götum og var hann því ekki mældur áður en botnlanganum í Fagrahjalla 2-12 var lokað. Í kjölfarið á athugasemdum frá íbúa í tengslum við lokunina verður sett upp hraðamæling í Fífuhjalla og metið í kjölfarið hvort þörf sé á frekari aðgerðum í götunni til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson



Deildarstjóri gatnadeildar